

Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2013 – fyrri umræða 6. desember 2012

Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2013 er hér lagt fram til fyrri umræðu. Áætlunin gerir ráð fyrir ágætri afkomu aðalsjóðs sem rekinn verður með tæplega 50 m.kr. hagnaði en samstæða A og B hluta skilar tæplega 27 m.kr. rekstrarafgangi. Reiknað er með að framlegð samstæðunnar, sem oft er nefnd EBITDA verði 131 m.kr. eða um 17% af tekjum.

Í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga kemur fram í 6. gr. að til að ná markmiðum laga um fjárhagslega sjálfbærni og jafnvægi í rekstri skuli sveitarstjórnir tryggja að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt reikniaðferðum í reglugerðinni. Gert er ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar Bolungarvíkurkaupstaðar í lok árs 2013 verði samtals 1.132 m.kr. og tekjur ársins verði samtals 763 m.kr. Til samanburðar voru skuldirnar 1.189 m.kr. í lok ársins 2011 og munu þá hafa lækkað frá þeim tíma um 57 m.kr. í lok ársins 2013. Skuldahlutfallið er samkvæmt þessu 148% og er því komið undir viðmið umræddrar reglugerðar.

Fjárhagsáætlun 2013 úr rekstrarreikningi (þ.kr)	2013 A hluti		2013 A og B hluti	
TEKJUR				
Skatttekjur.....	395.133	62,9%	395.133	51,8%
Framlög jöfnunarsjóðs.....	134.478	21,4%	134.478	17,6%
Aðrar tekjur.....	98.574	15,7%	233.247	30,6%
	628.185	100,0%	762.858	100,0%
GJÖLD				
Laun og launatengd gjöld.....	308.875	49,2%	342.311	44,9%
Annar rekstrarkostnaður.....	246.782	39,3%	289.661	38,0%
	555.657	88,5%	631.972	82,8%
Framlegð (EBITDA).....	72.528	11,5%	130.886	17,2%
Afskriftir.....	16.842	2,7%	37.981	5,0%
Niðurstaða án fjármagnsliða	55.686	8,9%	92.905	12,2%
Fjármagnsliðir	(6.371)	-1,0%	(65.911)	-8,6%
Rekstrarniðurstaða	49.315	7,9%	26.994	3,5%

00 Skatttekjur

Áætlunin gerir ráð fyrir að skatttekjur, þar með taldar tekjur úr Jöfnunarsjóði, verði 529 m.kr í samanburði við 446 m.kr árið á undan. Þjónustutekjur verða samkvæmt áætluninni 233 m.kr. eða 16 mkr hærri en í fjárhagsáætlun 2012. Heildartekjur A hluta eru því 628 m.kr.

Útsvar

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að útsvarsprósenta ársins 2013 verði 14,48% sem er lögbundið hámark og sama hlutfall og árið 2012. Af þessum 14,48% eru 0,77% framlag til Jöfnunarsjóðs vegna grunnskóla og 0,95% framlag til Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra. Í fjárhagsáætlun ársins 2013 er 0,95% framlagið til Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra meðtalið, en sama upphæð er færð til gjalda undir málaflokki 02 Félagsþjónusta. Þetta er rétt að hafa í huga þegar gerður er samanburður við áætlun síðasta árs. Í raun mætti telja eðlilegt að gera þetta með sama hætti hvað varðar 0,77% framlagið vegna grunnskóla, en það hefur hinsvegar aldrei verið gert og er heldur ekki gert nú. Fjárhagsáætlunin sem byggir á ofangreindum forsendum gerir þannig ráð fyrir að útsvarstekjurnar verði um 354 m.kr. á næsta ári.

Jöfnunarsjóður

Áætlun Jöfnunarsjóðs um framlög til sveitarfélaganna árið 2013 liggur að mestu leyti fyrir og er notuð sem grundvöllur í fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs verði 134,5 m.kr. á árinu 2013 eða 21% af tekjum A sjóðs.

Fasteignagjöld

Gert er ráð fyrir að fasteignaskattur skili 35,4 m.kr. á árinu 2013. Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) er 0,5% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á opinbert húsnæði í eigu ríkisins (B) og aðrar fasteignir (C) er 1,32% af fasteignamati húss og lóðar. Vatnsgjald er 0,40% og holræsagjald 0,30% af fasteignamati húss og lóðar, en lóðarleiga 1% af fasteignamati lóðar fyrir íbúðarhús en 2% af fasteignamati lóðar fyrir aðrar lóðir. Þessi gjöld eru öll óbreytt frá fyrra ári.

Sorphreinsgjald er 16.170 kr/íbúð og sorpeyðingargjald er 18.480 kr/íbúð eða samtals 34.650 sem er sama upphæð og ári 2011 og 2012. Flokkun á heimilissorpi hefur nú verið við lýði í tæp tvö ár. Ætlunin var að auka flokkunina á árinu 2012 með því að taka upp flokkun á lífrænu sorpi, úr því varð þó ekki en stefnt er að því að á árinu 2013 verði a.m.k. gerð prufa með slíkt í litlum mæli. Ef vel tekst til verður svo reynt að koma á slíkri flokkun almennt hjá öllum heimilum.

Gjaldskrár

Þær gjaldskrár sem á annað borð hækka eitthvað hækka flestar um 4%. Grunn gjald í leikskóla lækkar hinsvegar um 5% frá fyrra ári og sorphreinsi- og eyðingargjald stendur í stað eins og áður er sagt.

Sú nýbreytni var tekin upp á síðasta ári að börn undir 18 ára sem hafa árskort í sund annaðhvort í Bolungarvík eða í Ísafjarðarbæ geta farið að vild í sund í hvoru sveitarfélaginu sem er. Nú er lagt til að sá samningur verði útvíkkaður þannig að öll árskort í sund gildi í hvoru sveitarfélaganna sem er. Jafnframt verður tryggt að Bolvíkingar hafi aðgang að skíðasvæði Ísafjarðarbæjar á sömu kjörum og íbúar ísafjarðarbæjar. Þannig munu allir Bolvíkingar geta keypt árskort á skíðasvæðin í Ísafjarðarbæ auk þess sem þeir sem hafa árskort í sund munu njóta 18% afsláttarkjara af skíðapössum á sama hátt og þeir sem kaupa svokallaðan súperpassa á Ísafirði.

02 Félagsþjónusta

Útgjöld vegna félagsþjónustu hækka mjög verulega á milli ára, en það á sér mjög eðlilegar skýringar. Þegar sveitarfélögin tóku við málefnum fatlaðra frá ríkinu þá fylgdu málaflokknum tekjur sem námu 1,2% af útsvarsstofni. Hámarksútsvar var því hækkað úr 13,28% í 14,48%. Af þessari 1,2% hækkun eru 0,95% greidd beint til Jöfnunarsjóðs en 0,25% eru greidd til kaupstaðarins. Bæði 0,95% hlutinn og 0,25% hlutinn eru hinsvegar greiddir inn í Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks. Þessar greiðslur vegna málaflokksins eru sýndar í áætluninni, m.a. til að sýna að sveitarfélagið tekur fullan þátt í greiðslum til málaflokksins. Það er svo byggðasamlagið sem metur hvernig greiðslum er ráðstafað til sveitarfélaganna eftir því hvaða þjónustu þau eru að inna af hendi hvert og eitt.

04 Fræðslu og uppeldismál

Gert er ráð fyrir að kostnaður við útgjöld vegna Grunnskóla, Leikskóla og Tónlistarskóla verði samtals 253 mkr en tekjur 30 mkr. Af þeim 223 m.kr af skatttekjum sem fara í fræðslumál fara 67,7% til Grunnskólans eða 151 m.kr. og 54,7 m.kr. til leikskólans eða 24,5%, en Tónlistarskólinn fær 16,5 m.kr. eða 7,3%.

05 Menningarmál

Á árinu 2012 er reiknað með að heildarútgjöld verði 23 m.kr. að meðtalinni innri leigu. Gert er ráð fyrir að framlag til Byggðasafns Vestfjarða verði 3,7 m.kr. á árinu og til Náttúrugripasafnsins fari 4,7 m.kr. með innri leigu. Til Ósvarar er reiknað með 2,4 m.kr. framlagi. Launakostnaður við Náttúrugripasafn og Ósvör færir í áætluninni sem annar rekstrarkostnaður þar sem Náttúrustofa Vestfjarða sér í raun um rekstur beggja safnanna skv. sérstökum rekstrarsamningi, en kaupstaðurinn greiðir ekki laun beint til starfsmanna safnanna. Reiknað er með að auka framlög til Markaðsdagsins um 500 þús. og framlög til Sjómannadagsins um 250 þús.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Framlag til æskulýðs- og íþróttamála er áætlað 46 m.kr. Stærsti útgjaldaliðurinn er íþróttamiðstöðin sem fær tæplega 20 m.kr. framlagsins. Ungmennafélag Bolungarvíkur fær í styrk u.þ.b. 13 mkr. í formi aðgengis að íþróttahúsi og sundlaug annarsvegar, en hinsvegar er um að ræða peningalegan styrk til eflingar starfsins og til almenns rekstrar. Peningalegir styrkir til íþróttafélaga hækka um þriðjung í áætluninni eftir niðurskurð frá árinu 2008.

07 Brunamál og almannavarnir

Áætlunin gerir ekki ráð fyrir verulegum kostnaðarbreytingum á milli ára hvað varðar brunamál og almannavarnir.

09 Skipulags og byggingarmál

Gert er ráð fyrir að nettó kostnaður við skipulags og byggingarmál verði 5,8 m.kr. Aðal kostnaðarliðurinn undir þessum lið er kaup á þjónustu vegna starfa byggingarfulltrúa, en sveitarfélagið er ekki með starfsmann á eigin vegum, heldur kaupir þjónustuna af verkfræðistofu. Undir þennan lið fellur einnig kostnaður vegna umhverfismálaráðs.

10 Umferðar og samgöngumál

Gert er ráð fyrir að málaflokkurinn muni kosta 19,5 mkr en á móti komi tekjur að upphæð 2 mkr vegna samnings við Vegagerðina. Undir málaflokkin fellur m.a. viðhald gatna og gangbrauta 5 mkr, götulýsing 4,2 mkr og snjómokstur 7 mkr.

11 Umhverfismál

Gert er ráð fyrir 9 m.kr í málaflokkinn . Stærsti liðurinn er þar sláttur og hirðing opinna svæða, 4,2 m.kr. Þá er reiknað með að yfir sumarið sé starfandi umhverfisfulltrúi.

21 Sameiginlegur kostnaður

Til sameiginlegs kostnaðar telst kostnaður við bærstjórn, bæjarskrifstofu og greiðslur inn á lífeyrisskuldbindingar ásamt ýmsum kostnaði vegna samstarfs sveitarfélaga, bæði á landsvísu og fjórðungsvísu. Bæjarráð samþykkti að leggja til að samþykkt um launagreiðslur til bærstjórnar Bolungarvíkur, nefnda og ráða á vegum bæjarins sem samþykkt var á fundi bærstjórnar 27. janúar árið 2000 tæki aftur gildi, en launagreiðslur bærstjórnar voru lækkaðar með samþykkt í lok árs 2008. Lækkunin hefur því staðið í 4 ár. Laun bærjarfulltrúa í Bolungarvík eru með þeim allra lægstu á landinu sé miðað við bærjarfélög í sama stærðarflokki og könnun sem gerð var af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Það er umhugsunarefni.

Sameiginlegur kostnaður sveitarfélagsins hækkar um 3% frá áætlun ársins 2012 sem er minna en almennt verðlag. Undir sameiginlegan kostnað fellur kostnaður við bærstjórn og bæjarskrifstofu greiðslur inná lífeyrisskuldbindingu og ýmiss kostnaður vegna samstarfs sveitarfélaga og landshlutasamtaka.

Fjármagnsliðir

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að verðbólga ársins 2013 verði 3,4% og fjármagnsliðir verði nettó neikvæðir um 6,4 m.kr. í A-hluta og 65,9 m.kr. í A- og B-hluta. Eins og áður þá skiptir það miklu máli fyrir sveitarfélagið að verðbólga verði lág.

Bolungarvíkurhöfn

Reiknað er með að Bolungarvíkurhöfn skili 19 m.kr. hagnaði árið 2013. Hafnarstjórn metur það svo að lag sé til að lækka aflagjald sem verið hefur 1,6% eða lögbundið hámark þess. Hafnarstjórn hefur því lagt til að aflagjaldið verði 1,5% árið 2013.

Vatnsveita og fráveita

Tekjur vatnsveitunnar eru um 20 m.kr. Þær eru að stærstum hluta fastar tekjur af álögðum vatnsskatti sem nemur 0,4% af fasteignamati húss og lóðar, en auk þess greiða stórir notendur aukavatnsskatt. Undir annan rekstrarkostnað vatnsveitu fellur ýmiskonar viðhald í hreinsistöðvum, auk nýrra heimtauga. Þá er um að ræða rafmagn fyrir dælur og til lýsingar og hitunar osfrv.

Tekjur fráveitunnar eru fastar og koma af álögðu holræsagjaldi sem er 0,3% af fasteignamati húss og lóðar. Fráveitan skilar jákvæðri rekstraniðurstöðu en allar eignir eru þar orðnar afskrifaðar.

Saman skila vatnsveita og fráveita hagnaði sem nemur 3,8 m.kr.

Félagslegar íbúðir

Áætlunin gerir ráð fyrir að halli á félagslegum íbúðum verði 10 m.kr. á árinu. Hallinn er viðvarandi vandamál sem ennþá sér ekki fyrir endann á. Hækkandi verð á íbúðahúsnæði hefur þó þýtt að leiguverð í bænum hefur almennt hækkað. Það hefur húsaleiga einnig gert hjá Bolungarvíkurkaupstað, en leigan fylgir hækkun neysluvísitölu. Áfram er unnið að því að fá umsamda niðurfellingu hluta af lánum hjá Íbúðalánasjóði.

Félagsheimili Bolungarvíkur

Reiknað er með að tekjur Félagsheimilisins verði nálægt því að standa undir breytilegum kostnaði við rekstur þess. Aldrei hefur verið gert ráð fyrir að reksturinn gæti staðið undir fjármagnskostnaði og afskriftum af þeirri gríðarmiklu eign sem Félagsheimilið er. Öllum sem í Félagsheimilið koma ber saman um að endurbygging þess sé mjög vel heppnuð.

Á þessu ári hefur verið unnið að því að bæta hljóðvist í fundarsal á efri hæð, stigagangi, í hliðarsal eða bar og síðast en ekki síst í aðalsal hússins ásamt því að hljóðkerfið hefur verið styrkt til muna. Þær breytingar sem nú er verið að ljúka við hafa tekist mjög vel bæði hvað varðar útlit, hljómgæði og almenna hljóðvist í húsinu.

Fjárfestingar ársins – fjármögnun framkvæmda

Snjóflóðavarnir

Reiknað er með að útlagður kostnaður við ýmsan frágang vegna gatna, uppgræðslu ofl. verði 7 m.kr. á árinu 2013.

Bolungarvíkurhöfn

Reiknað er með að fjárfesting ársins hjá Bolungarvíkurhöfn verði allt að 20 m.kr. Fjárfestingin hefur ekki verið skilgreind nánar fyrir þessa umræðu um fjárhagsáætlun.

Aðrar fjárfestingar ótilgreindar

Gert er ráð fyrir 33 m.kr. fjárfrestingu sem ekki hefur verið skipt niður á verkeni.

Þakkir

Bæjarstjóri vill þakka öllum forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sem komið hafa að vinnu við fjárhagsáætlun og þá sérstaklega fjármálastjóra sem hefur lagt mikla vinnu í undirbúning áætlunarinnar. Góð samvinna hefur verið í bæjarráði við að vinna fjárhagsáætlun og er bæjarráðinu og þá sérstaklega formanni er þakkað gott samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunar.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2013 er hér lögð fram til fyrri umræðu.

Bolungarvík 6. desember 2012
Elías Jónatansson, bæjarstjóri